

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2015

2016/EES/42/12

frá 30. apríl 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/29/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða einföld þrýstihylki fram á markaði ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/29/ESB fellur úr gildi, frá og með 20. apríl 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 20. apríl 2016.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði VIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB):
„6f. **32014 L 0029**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/29/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða einföld þrýstihylki fram á markaði (Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 45).“
2. Texti 6. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB) falli brott frá og með 20. apríl 2016.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/29/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 264, 8.10.2009, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.